

UMSÓKN UM SÉREIGNARSPARNAÐ:

Ég undirrituð/aður sæki hér með um aðild að Séreignarsjóði Festu (kt. 571171-0239) og óska eftir samningi um séreignarsparnað í samræmi við skilmála umsóknareyðublaðs þessa sem ég sætti mig við að öllu leyti. Með undirritun minni á umsókn þessa og staðfestingu Séreignarsjóðs Festu telst vera kominn á samningur milli mín sem réttihafa og Séreignarsjóðs Festu sem vörsluaðila í samræmi við skilmála samningsins.

Umsækjandi (réttihafi):

Nafn: _____

Heimili: _____

Póstnr./staður: _____

Kennitala: _____

Sími: _____

Ég undirrituð/aður skuldbind mig til að _____ % af heildarlaunum mínum verði greidd mánaðarlega til Séreignarsjóðs Festu inn á séreignarreikning minn hjá sjóðnum.

Umsækjanda er heimilt að greiða ákveðna krónutölu mánaðarlega til séreignarsparnaðar í stað ákveðinnar % tölu af heildarlaunum Ef sú leið er valin skal tilgreina þá upphæð hér _____ kr.

Ég óska eftir því að launagreiðandi minn haldi eftir af launum mínum við hverja útborgun og skili til Séreignarsjóðs Festu í samræmi við ákvæði samnings þessa.

Ég undirritaður óska eftir því að séreignarsparnaður minn verði ávaxtaður í:

- Sparnaðarleið 1
- Sparnaðarleið 2

Launagreiðandi:

Nafn: _____

Heimili: _____

Póstnr./staður: _____

Kennitala: _____

Nr. Séreignarsjóðs Festu: 801, Kt.: 571171-0239

Bankaupplýsingar:

0121-26-6666 – Reykjanesbær

0152-26-9520 - Selfoss

0552-26-200010 - Akranes

FJÁRFESTINGARSTEFNA SÉREIGNARDEILDAR:

Fjárfestingarstefna séreignardeildar Festu tekur mið af þeim takmörkunum sem lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 setja.

Fjárfestingarstefna sparnaðarleiðar 1

Sparnaðarleið 1 er leið sem hentar eldri og/eða áhættufælnum sjóðfélögum. Eignir hennar verða eingöngu fjárfestar í ríkisskuldabréfum og innlánum eftir atvikum.

Festa – Séreignardeild	Markmið	Vikmörk
Skuldabréf		
Íslensk skuldabréf með ábyrgð ríkis	100%	50-100%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	0%	0-0%
Sértryggð skuldabréf	0%	0-0%
Skuldabréf og víxlar banka, sparissjóða og annarra lánastofnana	0%	0-0%
Skuldabréf félaga og fagfjárfestassjóða	0%	0-0%
Innlán	0%	0-50%
Samtals skuldabréf	100%	0-100%
Hlutabréf		
- þ.a. erlend hlutabréf	0%	0-0%
- þ.a. innlend hlutabréf	0%	0-0%
Samtals hlutabréf	0%	0-0%
Samtals	100%	

Fjárfestingarstefna sparnaðarleiðar 2

Sparnaðarleið 2 samanstendur af vel dreifðu eignasafni skuldabréfa, innlána, innlendra og erlendra hlutabréfa. Leiðin er hugsuð fyrir breiðan hóp sjóðfélaga.

Festa - Séreignardeild	Markmið	Vikmörk
Skuldabréf		
Íslensk skuldabréf með ábyrgð ríkis	37%	20-80%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	7%	0-20%
Skuldabréf og víxlar banka, sparissjóða og annarra lánastofnana	9%	0-25%
Skuldabréf félaga	6%	0-20%
Skuldabréf fagfjárfestassjóða	0%	0-20%
Innlán	1%	0-30%
Samtals skuldabréf	60%	40-100%
Hlutabréf		
- þ.a. erlend hlutabréf	28%	0-40%
- þ.a. innlend hlutabréf	12%	0-20%
Samtals hlutabréf	40%	0-60%
Samtals	100%	

SKILMÁLAR SAMNINGS UM SÉREIGNARSPARNAÐ:

1. grein.

Skyldur réttihafa.

Réttihafi skuldbindur sig til að greiða til vörsluaðila mánaðarlegt innlegg af heildarfjárhæð greiddra launa skv. 3. gr. laga nr. 129/1997 og skal greiðslan vera séreign réttihafa og tilgreind á sérstökum reikningi hans. Réttihafi skal fela launagreiðanda að halda eftir umsömdu innleggi af launum hans og standa vörsluaðila skil á því. Greiðslur skulu hefjast eigi síðar en tveimur mánuðum eftir undirritun samnings þessa. Greiðslutímabil hvers innleggs skal eigi vera lengra en einn mánuður og skal gjalddagi vera 10. næsta mánaðar. Eindagi skal vera síðasti dagur sama mánaðar og iðgjald fellur í gjalddaga. Réttihafi skal tilkynna vörsluaðila ef hann hættir störfum hjá viðkomandi launagreiðanda.

2. grein.

Skyldur vörsluaðila.

Vörsluaðili skuldbindur sig til að ávaxta innlegg réttihafa í samræmi við 36. gr.a. laga nr. 129/1997. Innlegg á séreignarsparnað ber vexti frá innborgunardegi. Vörsluaðili ber ekki ábyrgð á innleggi sem launagreiðandi hefur dregið af launum réttihafa en hefur ekki staðið skil á. Vörsluaðili skal senda réttihafa tvisvar á ári yfirlit yfir móttekin innlegg frá launagreiðanda og stöðu séreignareiknings réttihafa. Vörsluaðili skal tryggja að sá hluti reksturs hans sem lýtur að varðveislu og ávöxtun innleggs réttihafa sé fjárhagslega aðskilinn og ekki niðurgreiddur af annarri starfsemi. Nettótekjur Séreignarsjóðs Festu skiptast milli réttihafa í hlutfalli við eign hvers um sig og færast árlega á sérreikning þeirra.

3. grein.

Framlag til séreignar.

Framlag í Séreignarsjóð Festu gefur ekki rétt til stiga eða fyrirfram ákveðins lífeyris heldur skal útborgun úr sjóðnum vera í samræmi við inneign hvers og eins.

4. grein.

Útborgun séreignarsparnaðar.

Réttihafi getur hafið úttekt á séreignarsparnaði sínum þegar hann hefur náð 60 ára aldri, en þó eigi fyrr en 2 árum eftir fyrstu innborgun. Verði réttihafi fyrir 100% orkutapi er heimilt að hefja útborgun séreignarsparnaðar og vaxta með jöfnum árlegum greiðslum á eigi skemmri tíma en 7 árum eða á þeim tíma sem réttihafa vantar uppá 60 ára aldur. Árleg útborgun lækkar og úttektartími lengist í hlutfalli við lækkuð örorkuprósentu. Við andlát réttihafa öðlast erfingjar hans rétt til innstæðunnar eftir reglum erfðalaga. Láti réttihafi ekki eftir sig börn eða maka, skal innstæðan renna til dánarbús réttihafa án takmarkana 2. msl. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997.

5. grein.

Uppsagnarákvæði.

Samningi þessum er hægt að segja upp með tveggja mánaða fyrirvara. Samningurinn fellur úr gildi ef réttihafi hættir störfum, sem er forsenda fyrir greiðslu hans til Séreignarsjóðs Festu, nema hann óski þess að halda áfram að greiða til séreignarsjóðsins. Uppsögn samningsins veitir ekki rétt til útborgunar innstæðu eða réttinda. Heimilt er að gera samning um flutning innstæðu eða réttinda eftir uppsögn. Flutningur takmarkast við þá sem geta boðið upp á samning um viðbótartryggingavernd sbr. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997. Vörsluaðili krefst ekki kostnaðar vegna flutnings réttinda til annars vörsluaðila

6. grein.

Framsal réttinda.

Réttihöfum er óheimilt að framselja, veðsetja eða á annan hátt ráðstafa innstæðu eða réttindum samkvæmt samningi þessum. Þó er heimilt að gera samkomulag skv. 1.-3. t. l. 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997 um skiptingu réttindanna milli réttihafa og maka hans svo og að flytja innstæðuna milli vörsluaðila, sbr. 5. gr. þessa samnings. Vörsluaðili krefst ekki kostnaðar vegna flutnings réttinda til annars vörsluaðila

7. grein.**Um samninginn.**

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum. Að lokinni undirritun sendir Festa réttthafa staðfest afrit samnings. Um samning þennan gilda að öðru leyti ákvæði laga nr. 129/1997 og samþykktu Lífeyrissjóðsins Festu eftir því sem við á. Réttthafi hefur kynnt sér ákvæði nefndra laga og samþykktu. Réttthafi ber ábyrgð á að senda launagreiðanda afrit samnings þessa.

8. grein.**Undirritun.**

Til staðfestingar samningi þessum undirrita réttthafi og vörsluaðili hann í votta viðurvist.

Dags.

Réttthafi – Nafn og kt.

F.h. Festu lífeyrissjóðs (vörsluaðili)
kt.571171-0239

Vottar:
